

## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, haldinn mánudaginn 4.03.2014 kl. 17:30 á Kjávöllum.

### Fundur nr. 23.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, Þorvaldur Sigurðsson, Hannes Hjartarson, Guðmundur Hagalínsson, Hermann Vilmundarson, Brynja Viðarsdóttir og Ingibjörg G. Geirsdóttir.

1. Aðalfundur 12. mars miðvikudag kl. 20.  
Rætt um að myndvarpi og hljóðnemi þurfi að vera til staðar. Boðið verður upp á kaffiveitingar. Þeir sem ganga úr stjórn eru Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson og Ingibjörg G. Geirsdóttir, og gefa þau ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Nýjir aðilar verða kosnir inn í stjórnina á aðalfundinum, formaður kosinn sérstaklega. Kalla þarf eftir skýrslum nefnda fyrir starfsárið sem og biðja þær að kanna hverjir munu áfram starfa á næsta starfsári. Einnig kalla til nýtt fólk ef þarf. SA tekur það að sér. Rætt um að leggja þurfi fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. GH og SA skoða það. Engar lagabreytingar verða lagðar fram á fundinum. Rætt um félagsgjald næsta árs, tillaga þess efnis gerð á næsta stjórnarfundum.
2. VSK.  
Fyrsta greiðsla barst vegna breytts fyrirkomulag VSK mála Sprettis.
3. Reiðskóli. Víkinghestar hafa sent samning sem er til skoðunar. Ákveðið að ákvörðun og samningar við reiðskóla verði í höndum nýrrar stjórnar eftir aðalfund.
4. Snertilyklakerfi.  
Kerfið er á leiðinni til landsins og verður sett upp um leið og það berst af Rafholt. Gæti gerst næstu daga.
5. Dómsmál.  
Sveinbjörn segir frá því að dómsmáli arkitekts gegn Spretti ehf. Hafi verið vísað frá dómi. Málið hefur verið kært til Hæstaréttar þar sem það fær viðeigandi meðferð.
6. Skítaþrær.  
Rætt um viðræður við Kópavog vegna þessa máls, ný stjórn mun fara yfir það og finna farveg.
7. Vegur milli svæða.  
SS og ÞS eru í viðræðum við Garðabæ vegna málsins.
8. Hesthús.  
Rætt um hesthús í Heimsenda í eigu Kópavogsbæjar. Næsta stjórn fær það verkefni að semja um Kóp. um afnot eða notkun á húsinu.
9. Vökvunarkerfi.  
Já verk eiga eftir að koma upp vökvunarkerfi fyrir reiðgólf í reiðhöll. Mikilvægt að það klárast sem fyrst. Samkvæmt samtali við Já verk er það í sjónmáli.
10. Gluggar í hestahurðar  
Verið er að vinna í því að koma gluggum í hestahurðir í reiðhöll. Vagnar og þjónusta annast verkið. Vonir standa til að það gæti gerst á næstunni.
11. Myndir.  
Settar hafa verið á heimasíðu myndir frá Gusti. Myndir frá Andvara sem eru í einkaeigu Ingibjargar G. Geirsdóttir verða ekki settar inn á næstunni.
12. Gardínur, gólfþvottavél og iðnaðarryksuga.  
Höfum fengið tilboð í gardínur fyrir veitingasal og skrifstofur. Samþykkt að ganga til samninga um hagkvæmstu lausnina.  
Framkvæmdastjóri hefur tekið saman verð og tilboð í Gólfþvottavél og iðnaðarryksugu. Kostnaður við kaup á slíkum vélum er mikill. Ákveðið að finna aðrar lausnir að svo stöddu. Rætt um leigu á vélum. SA skoðar.

SA vék af fundi og HV tók við fundarritun.

13. Starfsmannamál.

Stjórnin fór yfir stöðu þessara mála og annað sem tengist því.

14. Atvik á fyrstu vetrarleikum.

SS upplýsti að honum hefði borist til eyrna eftir vetrarleika nr. 1, sem var jafnframt fyrsta keppni í Sprettsköllinni, að einn keppanda hefði verið talinn vera undir áhrifum áfengis. SS kvaðst ekki geta lagt mat á þetta sjálfur þar sem hann hefði ekki verið viðstaddur en hins vegar yrði að sjá til þess að slíkt atvik endurtæki sig ekki, hefði það gerst. Annað væri ólíðandi. Tóku stjórnarmenn undir þá skoðun.

Næsti fundur: einn stjórnarfundur verður haldinn fyrir aðalfund til að undirrita reikninga, fundurinn verður boðaður sérstaklega.

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð rituðu Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir og Hermann Vilmundarson